



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Grunnur B

ÍSLE1GB05

Kennsluáætlun haustönn 2021

Kennari

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS) guðbjorgdora@fsu.is

Áfangalýsing

Í áfanganum er lagt upp með að nemendur þjálfist í lestri, lesskilningi, framsögn og ritun. Lesin er ein skáldsaga og verkefni tengd henni unnin til að þjálfra ritun, lesskilning og málnotkun. Að auki eru unnin smærri verkefni sem ætluð eru til að þjálfra nemendur í munnlegri og skriflegri tjáningu og túlkun.

Markmið áfangans

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðarsmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli ungs fólks
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum nytja-- og bókmenntatexta
- helstu bókmenntahugtökum

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa mismunandi textagerðir í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta málfræðihugtök til að bæta eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og fjalla um inntak þeirra
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- byggja upp mismunandi texta með viðeigandi málfari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar texta
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir og skoðanir á málefnalegan hátt
- nýta algengar leiðir til að leggja áherslu á orð sín
- beita blæbrigðum í máli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- setja sig í spor annarra og virða skoðanir þeirra

Námsefni

Skáldsagan *Fjallaverksmiðja Íslands* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur.

Efni frá kennara

Kröfur og verkefnaskil

• Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu.

Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.

• Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.

- Verkefni birtast í Innu og er skilað rafrænt þangað nema annað sé tekið fram. Nemendum ber að virða skiladaga. Eftir að skilabox lokar er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag. Nemendur með lögleg forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir skiladag.
- Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.
- Nauðsynlegt er að mæta með tölvur í alla tíma, ekki er leyft að vinna verkefnin í síma.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema þess þurfi í tengslum við verkefni.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Námsmat

| | |
|-----|--------------------------------|
| 5% | Dægurlög, textar og textagerð |
| 65% | Sagan Fjallaverksmiðja Íslands |
| 20% | Í fréttum er þetta helst |
| 10% | Sýndu hvað í þér býr |

Vinnuáætlun

| Vika | Dags. | Viðfangsefni og verkefni | Námsmat |
|------|---|---|--|
| 33 | 18.-20. ágúst | Áfangi kynntur og línur lagðar. Nemendur útvega sér skáldsögunnar Fjallaverksmiðja Íslands og hefja lestur. Bókin er lesin heima en verkefni unnin í tímum og heima. Dægurlög, textar og textagerð. | |
| 34 | 23.-27. ágúst Viðtöl við nemendur hefjast | Dægurlög, textar og textagerð. | <ul style="list-style-type: none"> • Verkefni 1: Dægurlög. |
| 35 | 30. ágúst -3.sept. | Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands , lestur og verkefnavinna (bls. 7-40). | <ul style="list-style-type: none"> • Verkefni 2: Efnisgrein. |
| 36 | 6.-10.sept. | Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands, lestur og verkefnavinna (bls. 45-77). | <ul style="list-style-type: none"> • Verkefni 3: Rökstuðningur. |
| 37 | 13.-17.sept. | Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands, lestur og verkefnavinna (81-124). | <ul style="list-style-type: none"> • Verkefni 4: Endursögn. |
| 38 | 20.-24.sept. | Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands, lestur og verkefnavinna (bls. 129-164). | <ul style="list-style-type: none"> • Próf 1: Fyrri hluti sögunnar. • Verkefni 5: Vinnubók, fyrri hluti skáldsöguverkefna |
| 39 | 27.sept.-1.okt. | Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands, lestur og verkefnavinna (bls. 169-198). | |
| 40 | 4.-8.okt. Miðannarmat | Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands, lestur og verkefnavinna (bls. 203-239). | <ul style="list-style-type: none"> • Verkefni 6: Málnotkun |
| 41 | 11.15.okt. Áfangamessa Haustfrí 14. og 15.okt | Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands, lestur og verkefnavinna (243-278). | |
| 42 | 18.-22.okt. Valdagur 20.okt. | Skáldsagan Fjallaverksmiðja Íslands, lestur, verkefnavinna og próf. | <ul style="list-style-type: none"> • Verkefni 7: Vinnubók, seinni hluti skáldsöguverkefna. • Próf 2: Seinni hluti sögunnar |
| 43 | 25.-29.okt. | Í fréttum er þetta helst. | |
| 44 | 1.-5.nóv. | Í fréttum er þetta helst. | |
| 45 | 8.-12. óv. | Í fréttum er þetta helst | <ul style="list-style-type: none"> • Verkefni 8: Fréttaverkefni |
| 46 | 15.-19.nóv. | Sýndu hvað í þér býr. | |
| 47 | 22.-26.nóv. | Sýndu hvað í þér býr. | <ul style="list-style-type: none"> • Verkefni 9: matsverkefni/próf |
| 48 | 29.nóv.-3.des. Síðasta kennsluvika | Samantekt. | |

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

16. ágúst 2021, Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir